

Fundargerð

Stjórn til undirbúnings að stofnun sameinaðs sveitarfélags Skorradalshrepps og Borgarbyggðar

4. fundur

Stjórn til undirbúnings að stofnun sameinaðs sveitarfélags Skorradalshrepps og Borgarbyggðar kom saman til 4. fundar í ráðhúsi Borgarbyggðar þann 4. febrúar 2026 kl. 10:00.

Fundinn sátu:

- Kristín Jónsdóttir, Skorradalshreppi
- Sigrún Þómar, Skorradalshreppi
- Jón Eiríkur Einarsson, Skorradalshreppi
- Guðveig L Eyglóardóttir, Borgarbyggð
- Ragnhildur Eva Jónsdóttir, Borgarbyggð
- Stefán Broddi Guðjónsson, Borgarbyggð
- Lilja Björg Ágústsdóttir, starfsmaður Borgarbyggðar
- Jón Hrói Finnsson, frá KPMG (sat fundinn á Teams)
- Lilja Ósk Alexandersdóttir, frá KPMG sem ritaði fundargerð (sat fundinn á Teams)

1. Verkefnisáætlun

Jón Hrói fór yfir tímaáætlun verkefnis.

Afgreiðsla: Samþykkt án athugasemda.

2. Drög að bréfi til ráðuneytis ásamt fylgigögnum

Framhald umræðu á 3. fundi.

Lilja Ósk fór yfir drög að erindi til innviðaráðuneytis þar sem óskað er staðfestingar á sameiningu sveitarfélaganna sbr. 122. gr. sveitastjórnarlaga.

Afgreiðsla: Samþykkt að leggja drögin fyrir sveitarstjórnir. Formanni falið að senda erindið á ráðuneytið nema fram komi athugasemdir frá sveitarstjórnunum.

3. Fyrirkomulag könnunar varðandi nafn

Á 3. fundi undirbúningsstjórnar var samþykkt að efna til könnunar meðal íbúa um nafn á sveitarfélagið. Rætt um fyrirkomulag könnunar og orðun spurningar.

Afgreiðsla: Ráðgjöfum falið að kanna tæknilag möguleika varðandi fyrirkomulag. Umræðu frestað.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:45.